

100

HÆSTU FJÖLL LANDSINS

Venð í lausasölu 899 kr.

Nr. 1 - 5. Argangur 2007

ÚTIVERA

Tímarit um útivist og ferðalög

„HÁTINDA- HÖFÐINGINN

Ætlar á hundrað hæstu fjöll landsins á einu ári

LÉTTSTÍGUR **ARI TRAUSTI**

Lengst frá miðju jarðar



HAMINGJAN SANNA

FRA FIRDI TIL FJARDAR
SKÚTA OG SKÍÐI
a Hornstrondum

ÞÆGILEGRI VIST AÐ VETRARLAGI
KRAFTGANGA Á GRÆNLANDI
Á LEID Í VASA-HLAUPIÐ - REYNSLUSAGA
GAGNSLITLIR SNJÓFLÓDAYLAR

EILÍFDIN
ER HEIL EILÍFD
Sigrún Valbergsdóttir komst
i snertingu við eilifðina

NÁTTÚRAN
MEÐ AUGUM
Snævarrs Guðmundssonar

SÝSLUTINDARNIR
sigraðir

VEDUR OG
SIGLINGAR
eftir Þór Jakobsson

Búnaðarprófun

- Icebreaker merino-ullarnærföt
- Keðjur eða nagla undir skót

ISSN 16704262



9 771670 428005

Blátindur í Skaftafellsfjöllum

Flest fjöll skarta töfrum sem örva fjallafíkn og löngunina til þess að leita á vit ævintýranna. Hæð fjallanna, lögun þeirra, útsýnið, umhverfið og jafnvel sagnir um fornar leiðir nægja flestum þótt auðvitað höfði þessir þættir mismunandi til fólks. Í Skaftafellsfjöllum, sem nú eru innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs, er Blátindur (1.177 m) meðal slíkra tinda. Hann er með hæstu tindum í þeim fjallaklasa og mikið útsýnisfjall.


Nánasta umhverfi Blátinds Skaftafellsfjöll

Skaftafellsfjöll eru vestan við heimaland Skaftafells og umlykja Morsárdal á þrjá vegu. Fjallendið skiptist í þrjá meginklasa en í daglegu tali eru fjöllin vestan dalsins nefnd Skaftafellsfjöll.

Miðfell lokar Morsárdal til norðurs og þar eru Pumall (1.279 m) og Miðfellstindur (1.430 m) áberandi og raunar meðal svipmestu tinda landsins. Austan Morsárdals er síðan Skaftafellstungan með heimalandi Skaftafells en þar er aðalgöngusvæði þjóðgarðsgesta. Á Skaftafellstungunni er Skarðatindur hæstur (1.385 m) og sunnan hans eru Kristínartindar (1.195 m).

Skaftafellsfjöllin nefndu heimamenn venjulega Vesturfjallið en um þau fjöll gekk fé á oldum áður. Fjallendið hefur líklega verið beitilendi allt frá landnámstíð. Skaftafellsfjöll eru viðföðmari en Miðfell og Skaftafell og þar er fjöldi tinda sem tengjast saman af löngum fjallshryggjum. Alls eru um tuttugu tindar hærri

Horft yfir Kjósina af Blátindi




Blátindur í morgunsólinni

en 1.000 m í fjalllendinu öllu. Í Skaftafellsfjöllum, sunnan við afdalinn Kjós, er Blátindur hæstur. Nafnið er upphaflega komið frá landmælingamönnum sem mældu Öræfajökul árið 1904.

Um þetta allt má velta vöngum þegar kemur á hæstu egg Blátinds. Fjallasýnin af tindinum er enda ógleymanleg. Í austri, handan Morsárdals, blasir við stórkostlegt fjallendi. Það er Öræfajökull með

falljöklum sína og trónir þar hæstur sjálfur Hvannadalshnúkur. Vestan Öræfajökuls taka við hrikalegir tindarnir í brún Vatnajökuls, Skarðatindur, Miðfellstindarnir, Pumall og þegar sjón ber mann síðan enn vestar, taka við fjallahnúkarnir og líparíthryggir Skaftafellsfjalla sem umlykja afdalinn Kjós. Hæst rísa þeir hnúkar í 1.315 m hæð. Af Blátindi er óhindruð sýn niður í





Texti og myndir:
Snævarr Guðmundsson
snævarr@immedla.is



má með henni vegna þess að hún liggar um fjölbreytilegt landslag og hækjunin er jöfn alla leið á tindinn. Þegar komið er upp í eftstu drög dalsins má velja á milli tveggja leiða síðasta spólinn. Hafa skal í huga að hryggurinn sem gengur norður frá tindinum er býsna skarpur og raunar egghvass.

Hvenær er best að ganga á Blátind?

Ég mæl frekar með sumargöngu á Blátind vegna þess hve landslag allt er þá litrikt. Ef farið er um svæðið að vetrarlagi er ráðlegt að kynna sér vel aðstæður út frá snjóflöðahættu. Og eitt að lokum. Ekki sleppa því að ganga norður að Kjósarbrúnum og horfa niður í afdalinn Kjós. Þar gefst einstakt tækifæri til að horfa inn í innviði fornrar megineldstöðvar sem nefnd hefur verið Skaftafellseldstöð, en hún mun hafa verið mjög virk fyrir 2,7 til 1,9 milljónum ára samkvæmt rannsóknunum. Litriki Kjósar er með eindæmum og að standa á Kjósarbrúnum og horfa yfir er engu likt.

Ytarefni:

Guðjón Jónsson frá Fagurhólsmyri: *Skaftafellsfjöll*. Útvist ársrit 6. 1980.
Hjörleifur Guttormsson: Árbók Ferðafélags Íslands 1993.
Hjörleifur Guttormsson og Oddur Sigurðsson: Leyndardómar Vatnajökuls. Útg. Fjöll og firnindi 1997.
Sigurður Björnsson frá Kvískerjum: Árbók Ferðafélags Íslands 1978.
Snævarr Guðmundsson: Þar sem landið ris heist. Útg. Máli og menning 1999.



Gengið á Blátind

Norðurdal en þessi jökulfyllti dalur skartar a.m.k. fimm jökullónum sem ýmist eru full, að fyllast eða nýlega hlaupin. Þau hafa myndast við hop Skeiðarárjókuls á síðustu öld. Til norðurs má sjá hluta af Vatnajökli og til Sylahnúka á Grimsfjalli.

Ganga á Blátind

Ganga ma a Blátind á einum degi fra Skálfelli en gangan er nokkuð

drjúg. Göngutimi fram og til baka er niu til tólf stundir. Fyrst þarf að ganga inn í Bæjarstaðarskógi en þaðan er farið sem leið liggar upp Vesturdal, austan við Vestragil. Á kortinu og loftmyndinni sést gönguleiðin upp Vesturdal eða Bláhnukadal eins og hann var nefndur fyrir aldamótin 1900. Leiðin sem hér er merkt er ekki sú eina sem ganga má á Blátind en mæla

Örafjölkull sedur frá Bicundi